

Norðurþing
Gaukur Hjartarson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Ketilsbraut 9
640 Húsavík



Reykjavík, 16. júlí 2013
Tilvísun: UST20130700053/bs

Breyting á aðalskipulagi Norðurþings við Bakka. Umsögn


Vísað er til bréfs Norðurþings dags. 4. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umhverfisáhrif breytinga á aðalskipulagi Norðurþings.


Um er að ræða að spennivirkni Landsnets verður staðsett sunnar og austar en gert er ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi, þannig að raforku verði dreift um jarðstrengi frá spennivirkni í stað þess að fara með loftlínum yfir veg eins og ráð var fyrir gert á fyrra aðalskipulagi. Einnig verður háspennustrengur út á Tjörnes lagður í jörð og loftlínur fjarlægðar.

Umhverfisstofnun telur að umræddar breytingar muni draga verulega úr neikvæðum sjónrænum áhrifum vegna færri loftlína við iðnaðarsvæði á Bakka.

Umhverfisstofnun telur líklegt að umrædd breyting á aðalskipulagi muni hafa jákvæð umhverfisáhrif í för með sér miðað við staðsetningu háspennulína á gildandi aðalskipulagi.

Virðingarfyllst


Sigríður Kristjánsdóttir


Björn Stefánsson
sérfræðingur